

Skipulag sérnáms í bæklunarskurðlækningum

Boðið er upp á **2ja ára sérfræðináms** á Íslandi en gert ráð fyrir að síðari hluti námsins fari fram erlendis. Unnið er eftir **HANDBÓK bæklunarlækna**, en marklýsingin er gerð af fræðslunefnd Sænska bæklunarlæknafélagsins (SOF), staðfærð og aðlöguð að íslenskum aðstæðum af Íslenska bæklunarlæknafélaginu. Handbókin byggir á 20 áföngum, áfangi 1-12 klínísk þekking, 13-18 samskipta- og stjórnunarhæfni og 19-20 gæðastjórnun og rannsóknir.

Uppbygging sérnáms

Sérnám í bæklunarskurðlækningum á að fara fram á bæklunarskurðeildum sem hafa verið metnar hæfar af mats- og hæfisnefnd samkvæmt gildandi reglum. Allir sérnámslæknar eiga að hafa **leiðbeinanda** sem hefur þekkingu á handleiðslu og hefur lokið handleiðaranámskeiði.

Sérnámi í bæklunarskurðlækningum má skipta í **fjögur þrep** sem byggja á fræðilegri þekkingu og klínískri vinnu:

Þrep 1 - Slys og áverkar: Í upphafi er áhersla lögð á bráðabæklunarskurðlækningar og áverka á stoðkerfi.

Þrep 2 - Grunn bæklunarskurðlækningar. Gerviliðir í mjöðm, speglunaraðgerð á hnjám, einfaldar handar- og fóttaaðgerðir og aðgerðir vegna brota.

Þrep 3 - Hliðarnám. Skylduhliðarnám er í svæfingum en námslæknum gefst möguleiki á hliðarnámi og ítarlegri þekkingu í handarskurðlækningum, heila- og taugaskurðlækningum, almennum skurðlækningum, æðaskurðlækningum, lýtalækningum, gigtarlækningum eftir óskum hvers sérnámslæknis.

Þrep 4 - Ítarlegra nám í bæklunarskurðlækningum. Frekara nám í sérgreininni og undirgreinum, svo sem æxlum í stoðkerfi, gerviliðaaðgerðum, barnabæklunarlækningum, hryggjarbæklunarlækningum og í sjúkdómum og áverkum í efri- og neðri útlimum.

Efling á færni í teymisvinnu, stjórnun og kennslu ásamt grunnþekkingu í vísindalegri aðferðafræði á að vera samfelld allan tíma sérnámsins.

Við ákveðnar aðstæður er æskilegt að ítarlegra nám í bæklunarskurðlækningum fari fram á öðrum sjúkrahúsum en upphafsnám. Þetta á við hér á landi þar sem boðið er upp á 2ja ára sérnám og **áhersla verður því á þrep 1 og 2.**

Eftirlit og vinna

Fyrsta hluta sérnámsins eiga sérnámslæknir, handleiðari og yfirlæknir að fjalla opinskátt um það hvort sérnámslæknir sé til þess fallinn að halda áfram sérnámi í sérgreininni. Reglulega skal meta frammistöðu sérnámslæknis og hann fá **endurgjöf** með hjálp matsblaða, **mini-CEX** (mini-Clinical Evaluation Exercise), **DOPS** (Direct Observation of Procedural Skills) og **CbD** (Case-based Discussion). Umfangsmeira þverfagleg mat **360°** (SPRAT - Sheffield Peer Review Assessment Tool) eftir ca. 1ár í sérnámi og eftir um 1,5-2 ár í sérnámi er gert svokallað

heildarmat sérfræðinga á námslækni þar sem farið er yfir klíníska færni, þekkingu og hæfni námslæknisins.

Sérnámslæknir á að skrá gang sérnámsins. Sérnámslæknir er ábyrgur fyrir að öll skráning samkvæmt marklýsingu og ákvörðunartóli sé aðgengileg. Þegar læknir í sérnámi hefur uppfyllt allar eða hluta af kröfum sem gerðar eru varðandi hæfni og þekkingu munu kennslustjóri og handleiðari að taka saman og leggja mat á sérnámið og útbúa viðeigandi vottun.

Hlutverk kennslustjóra

Hlutverk kennslustjóra er að samhæfa námsáætlun og tímaáætlun námsins. Kennslustjóri vinnur á vegum yfirlæknis. Kennslustjóra ber að gæta, ásamt handleiðara og námslækni að framgangur verði samkvæmt námsáætlun. Í lok námsins er hlutur kennslustjóra að taka saman gögn sem undirbyggja lokamat eða einkunn og hvort námslæknirinn hafi uppfyllt allar þær kröfur sem gerðar eru í þeim áföngum sem hafa verið skilgreindir.

Hlutverk handleiðara

Handleiðari á að fylgja sérnámslækni í öllu námsferlinu og gæta þess að framgangur sé í samræmi við námsáætlun og marklýsingu. Handleiðari og sérnámslæknir eiga að gera upp árangur námsins árlega.

Grunn- og undirgrein:

Á Íslandi eru bæklunarlækningar grunngrein. Handarskurðlækningar eru undirgrein, þ.e. viðbótarnám eftir að námi í bæklunarskurðlækningum er lokið (sjá sérfræðireglugerð).

Námskeið og námsþing

Æskilegt er að læknir í sérnámi sækji námskeið og námsþing eftir því sem unnt er. Sænska bæklunarlæknafélagið heldur fjölda viðurkenndra námskeiða í bæklunarlækningum sem eru miðuð við lækna í sérnámi í bæklunarskurðlækningum.

Fræðileg þekking

Kennsla deildarlækna fer fram síðasta fimmtudag í mánuði. Fræðileg þekking byggir á lestri fagtímarita og fagbóka (sjá lista í Handbók). Gert er ráð fyrir því að tími sé fyrir lestur fræðiriti og fagbóka, ca. 2 klst. á viku. Sérnámslæknar fylgja sjálfstrarnámskeiði á vegum sænska bæklunarlæknafélagsins þar sem Miller's Review of Orthopaedics 7th ed. er lesin á 2,5-3 árum.

Sérfræðingspróf í bæklunarlækningum

Sænska bæklunarlæknafélagið hefur haldið sérstök próf fyrir sérfræðinga frá árinu 1985, bæði skriflegur og munnlegur hluti. Hægt er að þreyta prófið undir lok sérnámsins. Einnig má má taka próf á vegum EFORT sem byggja á Evrópskum reglum og eru á ensku.

29.11.2018/ósá